



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á afmælishátíðinni  
Fullveldisbörnin á Hrafnistu  
Reykjavík  
19. júlí 2018**

Ágætu fullveldisbörn,  
íbúar og starfslíð Hrafnistu,  
aðrir góðir gestir

Í ár minnumst við Íslendingar þess að öld er frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Þessara tímamóta höfum við fagnað með ýmsum hætti og því verður haldið áfram út árið. Hér á Hrafnistu er nú komið saman einvalalið, Íslendingar fæddir á fullveldisárinu 1918 og fyrr. Fyrir hönd okkar hjóna þakka ég þann heiður að fá að vera með ykkur á þessari ánægjulegu stundu. Við hæfi er að líta um öxl, minnast liðinna daga og er þá auðvitað af mörgu að taka en aðeins ráðrúm til að stikla á stóru. Í Bernskubók sinni skrifaði Sigurður Pálsson skáld af hlýju og visku um foreldra sína og æskuárin. Faðir hans varð tvítugur árið 1918 og móðir hans var þá nýfermd: „Þessi kynslóð var sú fyrsta sem varð að hugsa allt af nýrri alvöru,“ sagði Sigurður og lýsti því að svona hafi sú kynslóð hugsað: „við vildum verða sjálfstæð, nú var komið að því, nú þurfti að sýna og sanna að við gætum það.“

Við gátum það, þið gátuð það. Vissulega má margt betur fara í okkar samfélagi, vissulega hafa verið gerð mörg mistök í tímans rás, og sú verður áfram raunin. Og vissulega er það líka svo að við brutumst ekki úr fátækt til bjargálna ein og óstudd. En hér erum við samt stödd hundrað árum eftir fullveldisheimt, búum í velferðarríki með þægindum og réttindum sem þekktust lítt eða ekki árið 1918. Okkur er öllum hollt að hafa það í huga og þar hjálpa minningar þeirra sem lifðu tímanna tvenna. Ég vona að mér fyrirgefist að vitna í endurminningar Sigurveigar Guðmundsdóttur, föðurömmu minnar, um fullveldisár okkar: Löngu síðar rifjaði hún þau tímamót upp með þessum orðum: „Í nær öllum heimilum míns heimabæjar var ekki annað húsgagna en koppurinn

og bælið, kannski kista. Bækur sáust ekki í skápum, þeir voru engir til, allt slíkt geymt í koffortum. Drepsótt, Kötlugos, sjálfstæði Íslands viðurkennt. Ekki man ég neinn dagamun út af því, allir lágu í spænsku veikinni á mínu heimili.“

Góðir áheyrndur: Við sem yngri erum stöndum í þakkarskuld við þá sem á undan fóru. Það er ykkur að þakka, kæru öldungar, að um okkar daga er líf fólks á Íslandi mun auðveldara en það var fyrir hundrað árum. Á því eru að sjálfsögðu undantekningar og ekki njóta allir sömu velsældar, því miður. En það er ekki ykkur að kenna og þakki þeim sem þakki ber.

Við sem yngri erum getum auk þess lært ýmislegt af ykkur eldri borgurum, ykkur sem lögðu einatt svo hart að ykkur til að skapa hér öflugt velferðarsamfélag, og eigið þess vegna svo sannarlega skilið að njóta launa erfiðisins. Við Íslendingar eigum mörg máltæki um visku hinna eldri: Oft er gott það er gamlir kveða – Gott er að vera gamall og muna margt – Ekki er hægt gamlan að ginna. Hér verður þó að viðurkenna að aðrir málshættir eru til sem lúta að þá hnignun sem fylgi Elli kerlingu. Flest fer með elli, segir eitt þeirra. Ellin hallar öllum leik, segir annað.

Ég gef lítið fyrir meinta speki af þessu tagi um hnignun með aldri. Frekar tek ég undir orðin um visku hina rosknu. Og vörumst um leið alhæfingar af þessu tagi, út frá aldri, og brúum frekar kynslóðabilið, okkur öllum til bóta. Hér eru til viðbótar málshættir tveir: Ungir til dáða, gamlir til ráða – Hvað ungur nemur gamall temur. En hvað með að segja sömuleiðis: Hvað gamall nemur ungur temur. Gamlir til dáða, ungir til ráða!

Ágætu öldungar, ég ítreka þær þakki að fá að vera með ykkur hér í dag, á þessu fallega og sanna fullveldisafmæli. Líði ykkur sem allra best á ævikvöldi. Fögnum nú saman merkur áfanga í sögu okkar þjóðar.